

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1908.

Auglýsing, er birtir á Islandi lög 23. mars 1908 um breyting á og viðbót við lög 19. mars 1908 um að öðlast og missa rjett imborinna manna, undirskrifuð af ráðherra 10. apríl 1908 (A nr. 5, bls. 28—35).

Opið brjef um að almennar kosningar til alþingis skuli fara fram, undirskrifuð af konungi 8. maí s. á. (A. nr. 6, bls. 36—37).

Opið brjef um að alþingi, sem nú er, skuli leyst upp, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 7, bls. 38—39).

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjærvist konungs, undirskrifuð af konungi 9. maí 1908 (A nr. 8, bls. 40—41).

Konungleg auglýsing um að konungur sje kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 27. s. m. (A nr. 9, bls. 42—43).

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu um ákvörðun verslunarlóðarinnar í Keflavík. **64** 15. júní.

Með brjefi, dags. 12. þ. m., hafið þjer, herra sýslumaður, sent hingað eftirrit af ályktun sýslunefndar Gullbringusýslu viðvikjandi stærð og takmörkun verslunarlóðarinnar í Keflavík samkvæmt lögum nr. 72 frá 22. nóvbr. f. á., svo og 2 eintök af uppdrætti af hinni fyrirhuguðu verslunarlóð.

Útaf þessu er hjer með, samkvæmt lögum nr. 61 frá 10. nóvbr. 1905, ákveðið, að verslunarlóð Keflavíkurkaupþúns í Gullbringusýslu skuli aukin með þremur svæðum og að takmörk þeirra sjeu þessi:

1. Aframhaldandi bein lína af suðausturjaðri Vatnsness, 25 metra upp fyrir sýsluvegin milli Keflavíkur og Njarðvíkur og þaðan hornrjett lína í gömlu verslunarlóðina.
2. Í Ytra Njarðvíkurhverfi: Úr Klappanefi í Þórukotsbæ og þaðan rjett-hyrnd lína til sudurs í sjó fram.
3. Í Innra Njarðvíkurhverfi: Bein lína yfir Narfakotsbæ og íbúðarhús Jóns Jónssonar í Njarðvík beggja megin í sjó fram.

Jafnframt því að gefa yður þetta til vitundar, til leiðbeiningar og frekari birtingar og endursenda hjermeð annað eintak framannefnds uppdráttar, er geyma skal við skjöl Keflavíkurhrepps, skal lagt fyrir yður að hafa eftirlit með því, að hreppsnefnd nefnds hrepps láti setja og haldi við, á hreppssjóðs kostnað, glöggum merkjum á takmörkum verslunarlóðarinnar.